


# *Dalalæðan*

1. tbl. 17. árg., 30. janúar 2004.



**Vornótt í Mosfellsdal,  
málverk eftir Vilborgu Bjarkadóttur.**

**Fjölmennum á þorrablótíð  
í Hlégarði hinn 31. janúar.**

----- *Leiðari* -----

## Heiðin

Oft er rætt um möguleika Mosfellinga til útvistar á heimaskóðum og eru þá fellin og fjaran gjarnan nefnd til sögunnar. Hér mætti þó bæta við stórkostlegu landflæmi sem er að drjúgum hluta innan bæjarmarkanna og gengur undir nafninu Mosfellsheiði. Um hana ritaði Halldór Laxness eitt sinn þegar hann var staddir í fjarlægu landi: „þetta hrjóstruga heiðaland á svo mikil ítok í mínu eigin sálarlifi. Það hefur gert sitt til að ala mig upp og gera mig að Íslendíngi.”

Mosfellsheiði heyrði fyrrum undir prestsetrið á Mosfelli og dregur nafn sitt af því. Mosfellshreppur festi kaup á stórum hluta heiðarinna árið 1933 og leysti þannig úr afréttarvanda bænda í sveitinni. Nú er orðið fátt um fé á þessum slóðum en

hins vegar eru þar óþrójandi möguleikar til útvistar. Mosfellsheiði er aðgengileg öllum þeim sem vilja njóta útiveru, hvort sem fólk vill ferðast gangandi, ríðandi eða á skíðum að vetrarlagi. Ýmsar náttúruperlur er þar að finna, svo sem Borgarhóla, Guðbrandsfoss, Hrafnagil og Seljadal og ekki spillir fjallahringurinn: Grímannsfell, Hengill, Skálafell og í fjarska fjöllin austur í Þingvallasveit.

Allmargar sögulegar minjar er að finna á Mosfellsheiði, meðal annars leifar af saeluhúsum, gamlar þjóðbrautir og seljarústir. Á meðan þjóðleiðin til Þingvalla lá þvert yfir heiðina var greiðasalan Heiðarblómið starfrækt þar um hrið og tók á móti gestum og gangandi. Ár og dagur er síðan þar var hellt upp á kaffi en nú er boðið til annars konar veislu á Mosfellsheiði: sykurlaust fjallaloft og ómælda kyrrð í ábót.

**Bjarki Bjarnason.**

## Dalalæðan

1. tbl. 17. árg., 30. janúar 2004.

Útgefandi: Íbúasamtókin Víghóll í Mosfellsdal.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Bjarki Bjarnason.

Auglýsingar: Gísli Snorrason, Guðrún Karlsdóttir og Nína Baastad.

Umbrot: Karl Tómasson.

Prentun: Ljósrit og prent.

Dalalæðan er prentuð í 250 eintökum. Blaðið er borið út á hvert heimili í Mosfellsdal og einnig sent til brottfluttra Dalbúa.

# **Merkisafmæli á árinu 2004**

**75 ára**

**Sigtryggur Þorsteinsson Víðigerði 30. janúar**

**Frank Ponzi Brennholti 18. maí**

**70 ára**

**Guðmundur Magnússon Leirvogstungu 14. apríl**

**Hreinn Ólafsson Helgadal 17. júlí**

**60 ára**

**Þórarinn Jónasson Laxnesi 26. apríl**

**Steinunn Guðmundsdóttir frá Dalsgarði 17. júní**

**Guðjón Bjarnason frá Seljabrekku 15. október**

**Ásgerður Gísladóttir Hríðbrú 16. október**

**50 ára**

**Guðný Halldórsdóttir Melkoti 23. janúar**

**Gunnlaugur Jón Hreinsson frá Helgadal 30. janúar**

**Jens Indriðason frá Víðigerði 10. maí**

**Hörður Bjartmar Níelsson Reykjaflöt 30. júní**

**Hlíf Heiðarsdóttir frá Æsustöðum 29. júlí**

**Dalalæðan óskar þessu ágæta fólki til hamingju.**

**Ferðapjónustan  
og bókaútgáfan**

**FRÁ H VIRFLI TIL ILJA**

**Sími: 566-7098, 8200-320**

**Netfang: [bjabja@ismennt.is](mailto:bjabja@ismennt.is)**

**Bjarki Bjarnason**

**Söðlasmiðurinn  
í Mosó**

**Nýir Sleipnis-hnakkar  
til sölu.**

**Gerum við biluð reiðtygi.**


**Sími: 566-8540**

# Moskóvítar í kosningaham

Hinn 1. mars næstkomandi tekur annar prestur við embætti í Mosfellsprestakalli við hlið séra Jóns Þorsteinssonar. Rúmlega 20 umsækjendur eru um starfið og mun biskup skipa í það til fimm ára eftir að sóknarnefnd hefur haft málíð til umsagnar. Þessi háttur hefur tilkast alllengi og yfirleitt verið ágæt reynsla af honum.

Undir lok 19. aldar voru uppi ýmsar hugmyndir um þróun lýðræðis á Íslandi. Þá tilkuðust prestskosningar og árið 1890 fengu Mosfellingar smjörpefinn af því hvernig slíkar kosningar urðu til þess að sveitin logaði í ófriði. Þeir höfðu þá um hríð haft vin-sælan prest, séra Jóhann Þorkelsson, sem við þekkjam úr Brekkukotsannál eftir Halldór Laxness. Jóhann var ráðinn dómkirkjuprestur og ákveðið tómarum skapaðist við brottför hans úr sveitinni. Kirkjan á Mosfelli hafði verið rifin og ný reist á Lágafelli sem er að stofni til sama kirkjan og þar er nú.

Þegar dró að kosningum var ljóst að þrír guðfræðingar yrðu um hituna: Brynjólfur Gunnarsson (1850-1910), Hannes Þorsteinsson (1860-1935) og Ólafur Stephensen (1863-1934). Var gengið hart eftir því í sveitinni að allir kysu rétt. Brynjólfur var settur prestur í Mosfellsprestakalli og fékk Björn Jónsson ritstjóra Ísafoldar í lið með sér og Magnús Stephensen landshöfðingi hampaði Ólafi frænda sínum. Hannes virtist hins ekki hafa átt sér sterka bandamenn í prestakallinu og greindi þannig frá kosningabaráttunni í sjálfssævisögu sinni: „Hér var því við ramman reip að draga, eins og kom á daginn,



Frá Lágafelli, horft er til sjávar yfir hluta kirkju-garðsins, íbúðarhúsið og gripahús.

bótt mig óraði ekki fyrir, að ég yrði jafnléttur á metunum hjá Moskóvitum eins og raun varð á. Ég sté í stólinn í báðum kirkjunum (Lágafelli og Brautarholti) og heyrdi fólk láta vel af því, en þá var þegar byrjaður svo mikill kosningaráróður í prestakallinu, að allt kafnaði í þeim æsingum, og snerist flokkadrátturinn aðeins um þá séra Ólaf og séra Brynjólf, en mér var alveg skákað frá, til þess að dreifa ekki kosningunni.“

Kosið var að Lágafelli hinn 16. maí 1890 og fóru leikar svo að yngsti frambjóðandinn, séra Ólafur Stephensen, var kjörinn með 50 atkvæðum, Brynjólfur fékk 38 atkvæði en Hannes aðeins tvö! Hann varð síðar ritstjóri Þjóðólfs og Þjóðskjalavörður, tók aldrei prestsvígslu og átti eftir að þakka Mosfellingum fyrir að taka sér svona illa. Í æviminningum sínum ritaði hann: „... ég komst í aðra betri og mér þægiligrí stöðu en að verða prestur þeirra Moskóvítanna; og svona getur það oft snúið manni til góðs, sem maður hyggur sér vera til ills.“

*Guðjón Jansson.*

# Um Hrein og hestinn

Maður nokkur ók sem leið lá upp í gegnum Mosfellsdal. Þegar hann var kominn á móts við veginn heim í Helgadal bilar hjá honum bíllinn. Maðurinn fer út og opnar vélahlífina og fer að kíkja hvort hann sjái eithvað athugavert. Þá heyrist allt í einu sagt með rámri röddu: það er blöndungurinn. Það er blöndungurinn.

Maðurinn leit upp og sá sér til mikillar undrunar að sá sem mælti þessi orð var hestur. Honum varð feikilega mikil um, og hljóp af stað og linnti ekki á hlaupunum fyrir en hann kom heim á hlað í Helgadal og hitti Hrein bónda úti fyrir.

- Það bilaði hjá mér bíllinn uppi á vegi - og svo kom hestur - og hann - og hann sagði að það væri eithvað að blöndungnum..., stundi maðurinn upp lafmóður. Hreinn létt sér hvergi bregða og spurði:

- Var þetta svartur hestur með hvítu blesu í enninu?
- Já, einmitt svaraði aðkomumaðurinn.
- Blessaður vertu, taktu ekki mark á honum, svaraði Hreinn. - Hann hefur ekki hundsvit á bílum!

*Úr Mosfellspóstinum, 18. tbl. 2. árg. 23. okt. 1981.*

**Adam & Eva**  
Erotic Lights

KJARNI MOSFELLSHAF - SÍMI 517 1775  
OPID: Mán-Fös 11-18. Laú 11-16. Sun 12-16

[www.adult.is](http://www.adult.is)

Vinnustofa Póru á Hvirfli er opin eftir samkomulagi, s. 566-7098 og 8200-321.

# Mótekja í Laxnesi



**Magnús  
Einarsson.**

(1916-1995) ritaði frásögnina. Hann var kennari að mennt og kenndi við Brúarlandsskóla veturninn 1937-1938 en síðan lengstum við Laugarnesskólann í Reykjavík. Ritgerðin var samin til flutnings í Ríkisútvarkinu en hér fer á eftir stutt brot úr henni:

Að loknum mjöltum árdegis ... fór pabbi í smiðju og eggjaði bestu stunguskófluna sína. Nú ætlaði hann upp í mýrina og ryðja ofan af mógröfinni. Veðurúltitið var með besta móti, væntanlega þurrt veður næstu daga, hélt pabbi, og spár hans voru nokkuð vissar með að rætast. Pabbi reyndi smám saman að kenna mér hin ýmsu veðurtákn um loft og láð, en mér tókst aldrei að verða veðurspámaður neitt í líkingu við hann. Tilbrigði veðurútlitsins voru svo óendenlega margvísleg, að mér var með öllu ofvaxið að læra þá veðurfræði. Auk þess held ég, að hann hafi hreinlega fundið á sér, ef snöggar veðurbreytingar voru í aðsigi.

Pabbi hafði mig með sér. Ég man ekki til þess, að ég gerði neitt gagn. Ég hef kannski haldið á einhverju og létt þannig undir á leiðinni. Þó kann að vera, að pabbi hafi bara haft mig með

sér til þess að vera ekki alveg einn við leiðinlegt verk.

Þegar í mýrina kom, hóf pabbi verkið á því að stika út blettinn þar sem mógröfina skyldi taka. Hún átti auðvitað að vera í framhaldi af gröfinni frá í fyrra. Hann setti niður hæla og festi snæri á milli, því að þessi fyrirhugaða mýrargryfja átti að vera hornrétt með beinum köntum, og síðar með lóðréttum, sléttum og finum hliðum beint niður í jörðina, eins og verið væri að grafa grunn fyrir ráðhúsi einhverrar stórborgar úti í löndum. Öll verk pabba báru nefnilega vott um hagleik og vandvirkni, hvort sem þau skyldu standa í alfaraleið eða fjarri vegum manna í íslenskri mómyri á bak við holt.

Fyrst stakk pabbi grasrótina með flugbeittri skóflunni. Ýmist flugu kekkirnir niður í gömlu gröfina við hliðina eða þeir lögðust á two kantana. Sá kanturinn, sem næst var móholtinu, varð að vera auður, því að þar átti mókösturinn að standa. Á morgun átti þar að hlaðast upp kolsvart fjall af mó. Mér fannst mókösturinn næstum eins stór og fjall í hlutfalli við mig, því að ég var ekki nema væksilslegur 12 ára strákur, lítill eftir aldry.

Þegar grasrótin var farin, tók við næsta skóflustunga, sem var leirkennd mold. Þannig þeytti pabbi hverri skóflustungunni af annarri upp á bakkana og út í gömlu gröfina, eða alls fjórum eða fimm. Þá var hann kominn niður á þetta svargráa, sem leitað var að á hverju vori, fært í hús á hverju hausti og brennt í eldhúsini á hverjum vetri. Það var annars undarlegt, að þessi svarta drulla skyldi nokkurn tíma geta brunnið.

*Magnús Einarsson.*

# Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu Dalalæðunnar:

Páll og Bára Hraðastöðum 5  
Guðni og Jenný í Fagrahvammi  
Rafn og Sigríður Hraðastöðum 4  
Nína og Bjarni Hraðastöðum 6  
Fjölskyldan Túnfæti  
Bjarni og Klara Hraðastöðum 3  
Hreinn og Herdís í Helgadal  
Magnús og Lovísa  
á Hraðastöðum  
Björn og Guðrún í Gróanda  
George Simons og Sigrún  
í Jónstótt  
Þórhildur og Sigurður í Hátúni  
Dalsbú ehf.  
Sylvia Rut og Björgvin á Vindhóli  
Berglind og Fannar á Hrútafell  
Halldór og Guðný í Melkoti  
Auður frá Gljúfrasteini  
Sigríður frá Jónstóft  
Heimilisfólkið á Hvirfli  
Baldr Sigurðsson frá Reykjadal  
Guðbjörg og Sigurður í Reykjadal  
Guðlaug Sigurðardóttir  
frá Reykjadal

Guðný og Stefán á Víðibakka  
Guðrún og Sigurður í Sigtúni  
Ásgerður og Ólafur á Hrísbú  
Hólmfriður og Andrés á Hrísbú  
Svava og Sigtryggur í Víðigerði  
Helga og Erlingur í Reykjadal  
Guðrún og Mundi í Skuld  
Helena Jónsdóttir í Hveramýri  
Júlíana og Gísli í Dalsgarði 2  
Þuríður og Skúli í Röðli  
Erna og Stefán í Árvangi  
Bryndís og Reynir á Víði  
Helga og Rúnar  
á Norður-Reykjum  
Birgir D. Sveinsson í Lágholti  
Ólöf og Helgi í Hlöðunni  
Silla og Hörður á Reykjaflöt  
Unnar og Jón á Æsustöðum  
Guðrún og Valur  
á Minna Mosfelli  
Eygerður og Jóhannes  
frá Hraðastöðum  
Óskar Þ. G. Eiríksson

## Dalalæðan þakkar fyrir stuðninginn.



Bráðarkuli 2 · 1700 Mosfellsbær · Sími: 566 6143 · Fax: 566 6308  
Faxsíma: Hallgríð 566 0930 · Ragnar 582 8215

**GÍSLASON** Kl. 491194-2009

VIDGERDIR ehf.  
SMIÐSHÖFÐU

SÍMI: 587 2060  
FAX: 587 2070


Steinar Gísla  
H. sími: 566 6541  
Snorri Gísla  
H. sími: 566 6595  
GSM: 894 3229  
BÍLASÍMI: 854 3229

Vörubílar - Jeppar  
Bílavíðgerðir - Breytingar  
Gírkassaviðgerðir

# Gamlar ljósmyndir



Fólk í heyskap á Minna-Mosfelli á fyrri hluta 20. aldar.




Gísli Magnússon á Leirvogsvatni átti mörg handtökin og sporin í Mosfellsdal. Hann bjó seinna á Varmárbrekkju í Mosfellsbæ en var iðulega nefndur Gísli á Vatni.




Bjarnveig Guðjónsdóttir reisti nýbýlið Seljabrekku ásamt manni sínum, Guðmundi Þorlákssyni. Þau bjuggu áður á Minna-Mosfelli þar sem þessi mynd var tekin.



Hrísbруningar við mjólkurflutninga. Ingimundur Ámundason er lengst til hægri en Ólöf dóttir hans situr á hestinum.



Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum, sem seinna bjó á Varmalandi heldur hér á Margréti Lárusdóttir frá Brúarlandi. Myndin er tekin um 1930.




Steinar Guðmundsson golffrömuður í Bakkakoti. Myndin er tekin á Minna-Mosfelli árið 1928.

# Gamlar ljósmyndir



Þessa ljósmynd tók þýski ferðamaðurinn Bruno Schweizer á Mosfelli árið 1936. Hér má séra Hálfdan Helgason (1897-1954) ásamt börnum sínum Jóni Helga, Mörtu Maríu og Árna Reyni. Lengst til hægri er Helga Þórðardóttir frá Mosfelli.

Myndin birtist í stórvirkini *Úr torfbæjum inn í tækniöld sem Bókaútgáfan Örn og Örlygur gaf út á síðasta ári.* Þetta þriggja binda verk er 1700 blaðsíður að stærð og hefur að geyma um 2000 ljósmyndir sem teknar voru víðs vegar um landið á fyrri helmingi síðustu aldar, þar á meðal eru nokkrar úr Mosfellssveit. *Úr torfbæjum inn í tækniöld* var valin besta fræðibókin af starfsfólki bókaverslana fyrir síðustu jól.



Gráni gamli á Minna-Mosfelli. Gráni var með stærstu hestum og eingöngu notaður til dráttar. Talið er að hann hafi verið undan dönskum dráttarhesti sem var fluttur inn til Viðeyjar á fyrri hluta síðustu aldar. Gráni var hluti af bústofni Skarphéðins Sigurðssonar sem flutti úr Viðey að Minna-Mosfelli árið 1937.



Þessi mynd er tekin í Hlégarði á 40 ára kennsluafmæli Lárusar Halldórs-sonar. Tveir Dalbúar, þau Gunnlaugur Jón Hreinsson og Hlíf Heiðarsdóttir, afhentu Lárus blóma-körfu í tilefni afmælisins. Lárus hafði einnig kennt foreldrum þeirra, Hreini á Laugabóli og Þuriði á Æsustöðum. Í dag, 30. janúar, fagnar Gunnlaugur fimmtugsafmæli sínu.

Til hamingju með daginn!



# Ísfugl

Reykjavegur 36 Mosfellshær  
Sími: 566 6103 - Fax 566 6762

# Hestaleigan Laxnesi.

Dalbúar og aðrir  
þorrablótsgestir athugið.

Verð með þorratilboð  
á fótsnyrtingu  
á torginu í Kjarna,  
laugardaginn 31. jan.  
frá kl. 10-12.

Alma Þ. G. Óskarsdóttir.



# Dalsgarður

- við gerum rósir

Blómasala alla daga kl. 9.00-13.00  
Dalsgarði Mosfellsdal

Gisli Jóhannsson rósabondi/rosefarmer  
Dalsgarður 270 Mosfellsbæ Ísland  
Sími/tel. +354 566 7490  
Fax: +354 566 7610  
Netfang/e-mail: dalsgardur@isl.is

# Bello

Hársnyrtistofa  
Háholt 14 - Sími: 586-8989

# Álafoss verksmiðjusala

Opið virka daga kl. 10-18  
laugardaga kl. 10-14  
Sími: 566-6303 Fax: 566-8330  
Verið velkomin.

# Skollahellir



**Guðbrandur  
Jóhannesson.**



**Guðmundur  
Bjarkason.**

lögðumst til svefns í hellinum. Morguninn eftir vöknudum við úthvíldir og þá sáum við að refirnir höfðu yfirgefið grenið. Þegar við komum til byggða höfðum við tal af Guðna Bjarnasyni refaskytta á Hraðastöðum sem bað okkur að fylgja sér að greninu. Við gerðum það og gengum síðan heim á leið en Guðni varð eftir í hellinum og var þar í margar nætur þangað til hann hafði útrýmt allri refafjöldskyldunni.

Guðni tófubani hafði oft gengið um Mosfell en sagðist aldrei hafa dottið í hug að refir héldu sig svo ofarlega í fjallinu. Elstu menn muna ekki eftir greni í Mosfelli en hellirinn var eftir þetta nefndur *Skollahellir*.

**Guðbrandur Jóhannesson  
og Guðmundur Bjarkason.**

Ágústkvöld eitt árið 2002 gengum við frændur upp Mosfell að norðanverðu. Vorum við að komast á tind fjallsins þegar við heyrðum hátt tófugagg. Sáum við two refi með fimm yrðlinga að leik við greni, tíu metrum neðan við helli þar sem við ætluðum að gista um nóttina.

Refirnir hurfu inn í grenið en við



Sími: 586 8080 Fax: 586 8081



VEISLUGARÐUR

Vaislubjónustan Hlégarði

Háholti 2, 270 Mosfellsbær  
Sími 566 6195, Fax 566 6097




**Ferðahestar**

**Garðar Hreinsson**

sími: 894-7200 og 566-7600.

Fax 566-7629

trvhorse@centrum.is



# 90 ára hjónaríma úr Mosfellssveit

Mosfellssveitarmanna heiti greini  
bú sem stunda um nýár nú  
nítján hundruð tíu og þrjú.

Þannig hefst langt kvæði frá árinu 1913 sem fjallar um allfesta húsaráðendur sem þá bjuggu í Mosfellssveit. Höfundurinn orti undir dulnefninu Örn frá Leirulæk en réttnefni hans var að öllum líkindum Björn Bjarnarson (1856-1951) bóndi og hreppstjóri í Grafarholti.

Vísurnar eru 44 talsins, dýrt kveðnar braghendur, en þessa 90 ára gömlu bændarímu má lesa í heild sinni í *Dagrenningi*, afmælisriti UMFA frá árinu 1959. Hér fara á eftir nokkur erindi sem ort voru um Dalbúa ásamt skýringum frá ritstjóra Dalalæðunnar.

## Hrísbú

Hrísbúr túnum, táp þótt lúnum þrotni,  
Ólafs sjáum fingraför,  
Finnbjörg má nú gista kör.

Hálfa byggir halur dyggur jörðu,  
þeirra arfi Andrés réð,  
Ólöf starfar honum með.

Eins og lesa má úr vísunum var tvíbýli á Hrísbú árið 1913. Ólafur Magnússon (1830-1915) og Finnbjörg Finnsdóttir (1832-1913) bjuggu á hálfri jörðinni en á hinum helmingi hennar voru Andrés sonur þeirra (1871-1956) og Ólöf Jónsdóttir (1873-1936). Þá var torfbær að Hrísbú með fjórum heilpiljum, (ljósmynd af bænum birtist í



Ólafur Magnússon á Hrísbú í kaupstaðarferð.

Dalalæðunni 2002.) Þeir Hrísbúarféðgar og Finnbjörg koma mikið við sögu í *Innansveitarkroniku* eftir Halldór Laxness.

Sagan endurtekur sig á Hrísbú því nú, 90 árum eftir að vísurnar voru ortar, búa feðgar á bænum sem bera sömu nöfn og forfeður þeirra sem þar bjuggu fyrir tæpri öld, sama ættin hefur búið á Hrísbú um 130 ára skeið.

## Mosfell

Mosfells sjáum sitja háan staðinn,  
meður besta mannorði,  
Magnús prest og Valgerði.

Í þessu erindi er greint frá prestshjónunum á Mosfelli, þau hétu Magnús Þorsteinsson (1872-1922) og Valgerður Gísladóttir (1873-1940). Þau eignuðust níu börn, þ. á m. Ólaf og Árna sem reistu sér bústaði á heimaslöðum sínum og nefndu Víðihól. Elsta barn Magnúsar og Valgerðar var Kristín, gift Lárusi Halldórssyni skólastjóra og eiga þau fjölmarga afkomendur hér í bænum. Ástríður Guðmunda hét önnur dóttir prestshjónanna en hún var móðir Guðrúnar Tómasdóttur söngkonu í Brennholti.

Eftir að Valgerður missti mannsinn stofnaði hún nýbýli við Leirvogsvatn, sem hún nefndi Svanastaði, og starfrækti þar greiðasölu í nokkur ár. Þar bjuggu seinni Gísli Magnússon og Sigríður Bjarnadóttir, betur þekkt sem Gísli og Sigga á Vatni.

## Minna-Mosfell

Mosfell annað yrkja kann og prýða,  
Kristján iðjumaður mest,  
María styðja gerir best.

Hér víkur sögunni að Minna-Mosfelli en árið 1913 bjuggu þar Kristján Jónsson (1866-1949) og María Einarssdóttir (1872-1964). Halldór Laxness greinir frá Kristjáni í endurminningabókinni *Í túninu heima* en hann var einn þeirra sem iðkuðu sönglist í Laxnesi. Halldór segist hafa dáðst að barkakýli bónadans frá Minna-Mosfelli sem hreyfðist svo fallega upp og niður um leið og hann söng. „Hann var maður hár og grannur, virðulegur sem títt er um bassamenn, með stórt yfirskegg,” segir Halldór.

Þau Kristján og María fluttu úr Mosfellssveit árið 1919. Oddný dóttir þeirra, sem býr í Ferjunesi í Villingaholtshreppi, hefur sent frá sér ljóðabækur sem greint hefur verið frá í *Dalalæðunni*. Oddný var aðeins átta ára gömul þegar hún flutti á brott úr Dalnum en henni eru bernskuárin þar sérlega kær eins og sjá má á sumum ljóða hennar.



KOSTAR MINNA



KB BANKI



MF ÞJÓNUSTAN ehf.  
Grænumýri 5b, 270 Mosfellsbær  
S: 566-7217, 854-0617 Fax: 566-8317

## Laxnes

Laxnes bætur, bóndi mætur, jörðu,  
Guðjón innist efnaður.  
Er hans kvenna Sigríður.

Hér er foreldrar nóbólsskáldsins leidd inn á sviðið. Þau hétu Guðjón Helgi Helgason (1870-1919) og Sigríður Halldórsdóttir (1872-1951) og fluttu að Laxnesi árið 1905, ásamt Halldóri syni sínum. Í búðarhúsið í Laxnesi var þá nýbyggt, það stendur enn og er eitt elsta hús sveitarfélagsins. Guðjón var bæði vegavinnuvekstjóri og bóndi og gekkst fyrir jarðabótum í Laxnesi eins og sjá má af vísunni. Hann lést tæplega fimmtugur að aldri en Sigríður stóð fyrir búi til ársins árið 1928 þegar hún seldi jörðina og flutti til Reykjavíkur.

**Hér lýkur ferðinni um Mosfellsdal að sinni. Suðurhluti dalsins verður að biða betri tíma.**



Guðjón og Sigríður í Laxnesi ásamt Halldóri syni sínum.



*Hlin*  
*Blómahús*  
Mosfellsbæ

Háholti 18 v/Vesturlandsveg  
S. 566 8700 / 566 8588

**Ðraumakaffi**  
**Lifandi tónlist**  
**allar helgar**

**JAKO** ÍPRÓTTAVÖRUR

Phone: (354) - 566 7310  
Mobile: (354) - 896 0131  
Fax: (354) - 666 7241  
E-mail: [nam@nam.o.is](http://www.nam.o.is)  
[www.nam.o.is](http://www.nam.o.is)  
Box: 285  
Bank: 519-26-4333  
Cip code: Isbaisru

**NAM** ENF.  
Ásland 18 • 270 Mosfellsbær • ICELAND

*Johann Gudjonsson*

**REYKJABÚID**

REYKJUM • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI 566 6800

**ÍSLANDSBANKI**  
Investitúli 2 Sími 410-4000

# Annáll ársins 2003

## Þorrablót

Þorrablótið var haldið 1. febrúar í Hlégarði. Almenn ánægja var með að færa blótið aftur í heimabyggð. Á annað hundrað manns mættu í góðan mat hjá Vigni og eins og venjulega voru það sem tóku hressilega á móti blótsgestum. Birgir Sig. gleymir ekki dalbúum og flutti sinn árlega annál. Smalarnir úr Mosfellsdalnum sýndu dans og dalsins ungu dætur sýndu atriði úr söngleiknum Anne við mikinn fögnuð blótsgesta.

## Gróðurdagur

Ferfætlingar sáu um slátt og áburð þetta árið.

## Dalbúagleði

Pann 6. júní blésu Brak og brestir til rútuferðar á Þingvöll. Var það hin besta skemmtun hjá öllum sem mættu í ferðina.

## Aðalfundur

Aðalfundur Víghóls var haldinn í Bakkakoti 26. nóv sl. Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur var gestur fundarins. Þann 15. apríl sendi stjórni Víghóls bæjarráði bréf með óskum og ábendingum um nokkur atriði sem þurfa úrlausnar við hér í Dalnum. Þessi atriði voru rædd við Tryggva á fundinum og svaraði hann fyrirspurnum. 4. desember sl. var bæjarstjórni svo sent bréf um úrbætur á lýsingu í dalnum, göngubrú og göngustíg. 22. janúar sl. boðaði svo bæjarstjóri stjórni Víghóls á sinn fund og voru



Golfskálinn á Bakkakoti þar sem aðalfundur Víghóls var haldinn.

þessi mál rædd þar. Ákveðið var að ýta á Vegagerðina um brú eða ræsi á Suðurá og lýsing á Hraðastaðaveg er áætluð á þessu ári.

Ný nöfn á „góttum“ dalsins voru samþykkt í nóvember sl. af bæjarstjórn. Nöfnin eru: Egilsmói, Æsumói, Roðamói, Urðarmói, Sölkumói og Hveravegur en hann liggur meðfram Æstustaðafjalli.

## Áramótavarðeldur

Vegna veðurs og snjóa sa formaður sér ekki annað fært en að afþakka Brak og bresti á varðeldinn. Sumir létu það þó ekkert á sig fá og var haldinn „hringeldur“ við ána og allir glaðir enda gott ár liðið í aldanna skaut.

# Sjáumst

## á þorrablótinu!

Gógó.